



Fréttatilkynning

03 July 2024 17:45:00 GMT

## Arion banki: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

**Arion banki lauk í dag útboði á sértryggðu skuldabréfaflokkunum ARION CB 27 og ARION CBI 30 fyrir samtals 6.740 m.kr.**

Í flokkinn ARION CB 27 bárust 16 tilboð að fjárhæð 3.480 m.kr. að nafnvirði á ávöxtunarkröfu á bilinu 8,75 – 8,87%. Tilboð að nafnvirði 1.860 m.kr. voru samþykkt á kröfunni 8,77%. Heildarstærð flokksins verður 50.700 m.kr. eftir útgáfuna.

Í flokkinn ARION CBI 30 bárust 23 tilboð að fjárhæð 6.520 m.kr. að nafnvirði á ávöxtunarkröfu á bilinu 3,56 – 3,66%. Tilboð að nafnvirði 4.880 m.kr. voru samþykkt á kröfunni 3,61%. Heildarstærð flokksins verður 23.860 m.kr. eftir útgáfuna.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta í Nasdaq Iceland þann 10. júlí 2024.

Skuldabréfin eru gefin út undir útgáfuramma sértryggðra skuldabréfa. Grunnlýsing útgáfurammans má nálgast [hér](#).

Umsjónaraðili útboðsins er Markaðsviðskipti Arion banka.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)